október 2026

Ágæta sveitarstjórn,

Hestamannafélagið Jökull óskar eftir áframhaldandi stuðningi sveitarfélagsins við starf félagsins og að núverandi samstarfs- og styrktarsamningur verði endurnýjaður að gildistíma hans loknum.

Með um 900 félagsmenn er Hestamannafélagið Jökull stærsta áhugamanna- og íþróttafélag uppsveitanna og fimmta stærsta hestamannafélag landsins. Félagið gegnir því mikilvægu hlutverki í íþrótta- og tómstundastarfi í uppsveitunum sem og menningarlegu. Í starfi félagsins er lögð rík áhersla á fjölbreytt starf og svigrúm fyrir ólíkar leiðir í hestamennsku fyrir fólk á öllum aldri.

Hestamennska er fjölbreytt tómstunda- og íþróttastarf og mikilvægt er að starf félagsins endurspegli þá fjölbreytni. Sumir sækja fyrst og fremst í útivistina og félagsstarfið, aðrir í fræðslu og kennslu og enn aðrir í keppnisstarf. Innan Jökuls á að vera svigrúm fyrir allar þessar leiðir. Félagið heldur meðal annars árlegt, opið *Gæðingamót* sem hefur fengið góðar viðtökur og skapað sér gott orðspor og *Uppsveitadeildina* yfir vetrarmánuðina, sem er þriggja móta röð þar sem lögð er rík áhersla á þátttöku heimamanna. Einnig eru haldin vetrarmót, páskatölt, 1.maí firmamót og síðast en ekki síst *Vallamótið* á Laugarvatni þar sem kapp, leikur og gleði fara vel saman.

Fræðsla og símenntun fullorðinna hefur einnig verið mikilvægur þáttur í starfi félagsins. Jökull hefur staðið fyrir fjölbreyttum námskeiðum yfir vetrarmánuðina og á vorin. Námsleiðin Reiðmaðurinn frá Landbúnaðarháskóla Íslands hefur um árabil verið kennd í reiðhöll félagsins haust og vetur. Það nám hefur verið fullbókað ár eftir ár af fólki á hinu stóra starfssvæði Jökuls og oft eru biðlistar, sem sýnir vel hversu mikill áhugi er á fræðslu og áframhaldandi eflingu innan hestamennskunnar.

Einn af styrkleikum Jökuls er einmitt að félagið tengir saman fólk víðs vegar af svæðinu. Börn, ungmenni og fullorðnir sækja námskeið, viðburði og félagsstarf þvert á sveitarfélagamörk og þannig hefur félagið orðið góður sameiginlegur vettvangur fyrir félagsstarf í Uppsveitum.

Æskulýðsstarf og nýliðun eru mikilvægustu verkefni félagsins. Markmiðið er að börn og ungmenni fái tækifæri til að kynnast hestamennsku, efla færni sína og taka þátt á eigin forsendum, óháð fyrri reynslu eða því hvort þau hafi aðgang að eigin hesti/fjölskyldan sé í hestamennsku. Æskulýðsstarfið hefur verið fjölbreytt og spannar meðal annars byrjendanámskeið, pollastarf, reglulega reiðkennslu, fræðslu, æfingadaga, félagsstarf og námskeið fyrir þau sem vilja þróa færni sína áfram. Í ársskýrslu æskulýðsnefndar kemur skýrt

fram að markmiðið sé bæði að ná til þeirra sem hafa áhuga á keppnisíþróttinni og þeirra sem líta fyrst og fremst á hestamennsku sem félagsstarf og áhugamál.

Stuðningur sveitarfélaganna hefur ekki síst skipt miklu máli við að byggja upp og viðhalda fjölbreyttu æskulýðs- og fræðslustarfi. Slíkt starf stendur ekki að fullu undir sér með þátttökugjöldum einum saman og gerir stuðningurinn félaginu kleift að halda gjöldum í hóf og tryggja að aðgengi að starfinu ráðist sem minnst af efnahagslegum eða félagslegum aðstæðum fjölskyldna. Hestamannafélagið hefur einnig tekið þátt í smiðjunum fyrir miðstig og unglingastig skólanna með því að bjóða upp á valnámskeið og sem og Knapamerkjanámsleiðunum þegar þátttökufjöldi og aðstæður gera það kleift.

Með erindinu fylgir ársskýrsla æskulýðsnefndar fyrir starfsárið 2025–2026, sem gefur góða mynd af umfangi og fjölbreytni starfsins og þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað.

Stjórn Hestamannafélagsins Jökuls óskar því eftir áframhaldandi samstarfi og fjárhagslegum stuðningi sveitarfélagsins við starf félagsins og er að sjálfsögðu reiðubúin til samtals um fyrirkomulag og framhald samstarfsins.

Með bestu kveðju og þökk fyrir þann stuðning sem félagið hefur notið,

f.h. Hestamannafélagsins Jökuls
Vilborg Ástráðsdóttir
formaður